

Sérhæfð heimaþjónusta fyrir veika aldraða Samstarfsverkefni HH og LSH

Samkomulag

Samstarfsverkefni Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins og Landspítala – háskólasjúkrahúss um sérhæfða heimaþjónustu fyrir veika aldraða, hefst í september 2006.

Markmið:

Tilgangur þess er að veita sérhæfða þjónustu við aldraða í heimahúsum og auðvelda þeim að vera lengur heima. Sérstök áhersla er lögð á stuðning við fjölskylduna, en einnig er lögð áhersla á teymisvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða/aðstoðarmanna, sjúkrapjálfa og iðjupjálfa.

Framkvæmd:

Gert er ráð fyrir að í upphafi verði 15 einstaklingum veitt sérhæfð heimaþjónusta en um áramótin 2006/2007 verði 20 einstaklingum veitt slík þjónusta. Sérhæfð heimaþjónusta er veitt í að lágmarki 3 vikur og allt að 3 mánuðum, en síðan útskrifast einstaklingar í heimahjúkrun eða á hjúkrunarheimili.

Hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, aðstoðarmenn, læknar, öldrunarhjúkrunarfræðingur, sjúkrapjálfarar, iðjupjálfar og félagsliðar taka þátt í teyminu sem sinnir sérhæfðri heimaþjónustu fyrir aldraða. Allir fagaðilar fara í vitjanir í heimahús. Teymið hefur aðsetur á LSH (í Fossvogi) til að byrja með og sjúkraskrá verður í vörslu LSH. Skráning sjúkraskrárupplýsinga er í Sögu og RAI-HC.

Fjölskyldufundur verður haldinn með sjúklingi ásamt fjölskyldu hans og lækni, hjúkrunarfræðingi, sjúkrapjálfa, iðjupjálfa og öldrunarhjúkrunarfræðingi úr teyminu. Þar eru helstu meðferðaraðilar og meðferðarmöguleikar kynntir, ákveðinn tími fyrir heimilisathugun, ákveðin útskrift af LSH og gerð fyrstu drög að meðferðaráætlun. Skrifleg meðferðaráætlun liggur fyrir við útskrift sjúklings og afhent sjúklingi og aðstandendum hans. Teymið ákveður hvaða fagaðilar mæta í fyrstu vitjun sjúklings.

Til að tryggja skjólstæðingum sérhæfðrar heimaþjónustu við aldraða greiðan aðgang að starfsmönnum vegna bráðra aðstæðna munu starfsmenn svara farsíma. Hjúkrunarfræðingur og læknir verða ávallt á bakvakt og greiður aðgangur verður að LSH ef þörf er á innlögn.

Teymið hefur fundi daglega alla virka daga með þátttöku allra í teyminu. Þar er farið yfir meðferðaráætlanir þeirra sem fá þjónustu teymisins og teknar ákvarðanir um mögulegar útskriftir og innskriftir nýrra sjúklinga í sérhæfða heimaþjónustu fyrir aldraða.

Félagsliðar verða ráðnir til að efla þjónustu teymisins enn frekar.

Forráðamenn verkefnisins munu yfirfara stöðu og framgang mála ársfjórðungslega. Jafnframt er gert ráð fyrir mati á árangri sérhæfðrar heimaþjónustu fyrir aldraða eftir 1 ár.

Forsendur:

Mikilvægt er að fjárveiting fái á árinu 2006 til að hefja starfsemina í september 2006. Gert er ráð fyrir 23 m.kr. á árinu 2006, þar af færu 8 m.kr. til LSH og 15 m.kr. til HH.

Á árinu 2007 þarf að auka fjárveitingu til LSH sem nemur 23,4 m.kr. sem er kostnaður spítalans við verkefnið.

Jafnframt þarf að auka fjárveitingu til HH sem nemur 44,6 m.kr. sem er kostnaður Heilsugæslunnar við verkefnið.

Reykjavík 27. september 2006

F.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

F.h. Landspítala – háskólasjúkrahúss

Guðmundur Einarsson
forstjóri

Magnús Pétursson
forstjóri